

Ed.

112. Frumvarp til laga

[77. mál]

um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Tómas Árnason, Stefán Jónsson,
Eiður Guðnason.

1. gr.

Ríkissjóður skal greiða í Orkusjóð óafturkræft framlag, sem varið skal til að greiða niður verð á olíu til upphitunar húsa í landinu.

2. gr.

Verð olíu skal greitt niður sem nægir til að olíukostnaður við kyndingu húsa verði eigi hærri en sem nemur 2,5-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins, sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Er þá miðað við gjaldskrár á hverjum tíma. Skal hið vegna meðaltal reiknað út fjórum sinnum á ári, og verði þá jafnframt tekið tillit til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á olíu frá síðasta útreikningi, þegar ákveðin er upphæð niðurgreiðslna fram til næsta útreiknings.

Þessi niðurgreiðsla skal vera í formi styrkja til eftirtalinna aðila:

1. Til húsráðenda, sem nota olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Skal upphæð fara eftir stærð fjölskyldu og stærð íbúðar.
2. Til þeirra, sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis.
3. Til skóla og annarra menningarstofnana, sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana og dvalarheimila fyrir aldraða og unga.
4. Til þeirra aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva.

Í reglugerð skal kveða á um með hverjum hætti skal ákveða upphæð styrkja samkvæmt 2. mgr. Skal þá við það miðað, að olía verði í hverju tilfelli greidd niður sem næst að sama hundradshluta og ráð er fyrir gert í 1. mgr.

3. gr.

Verð olíu, sem hitaveitur nota sem orkugjafa og rafveitur nota til framleiðslu rafmagns til upphitunar húsa, skal greitt niður. Skal niðurgreiðsla þessi vera í formi styrkja til viðkomandi orkuveitna og nema sama hundradshluta af verði olíunnar og niðurgreiðsla samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Styrkir til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana skulu greiddir ársfjórðungslega fyrir milligöngu sveitarfélaga. Styrkir til orkuveitna greiðast beint úr Orkusjóði.

5. gr.

Styrkir skulu ekki taldir til tekna við álagningu opinberra gjalda.

6. gr.

Enginn, sem hefur möguleika á upphitun frá hitaveitu, á rétt á oliustyrk.

7. gr.

Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Þess skal sérstaklega gætt að einfalda framkvæmd niðurgreiðslunnar og sporna við misnotkun á þeim rétti, sem í henni felst.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá og með 1. janúar 1980 fer um niðurgreiðslu olíu til upphitunar húsa eftir ákvæðum þessara laga.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 13/1977, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Greinargerð.

Hin gífurlega verðhækkun olíu, sem varð á síðasta ári, hefur haft margháttuð og alvarleg áhrif. Viðskiptakjörin hafa versnað og rýrt þjóðartekjurnar. Harðast hefur þetta komið niður á um það bil fjórðungi þjóðarinnar, sem kyndir hús sín með gasolíu. Upphitunarkostnaður þessa fólks er óbærilegur. Það fólk býr við eitt mesta misréttið, sem fyrirfinnst í þjóðfélaginu í dag. Þessu ástandi verður þegar í stað að linna.

Við vandanum verður brugðist með tvennu móti. Annars vegar að flýta svo sem verða má öllum framkvæmdum, sem leysa olíuna af hólmi sem orkugjafa til upphitunar húsa. Hins vegar að auka niðurgreiðslu olíu til upphitunar. Þetta frumvarp fjallar um niðurgreiðslu olíu.

Þó að keyrt hafi um þverbak á síðasta ári vegna oliuverðhækkana er vanda málið, sem leiðir af oliuverðinu, miklu eldra. Allmörg ár eru síðan stjórnvöldum þótti ekki annað hæfa en gera ráðstafanir til að létta byrðar þeirra, sem búa við olíukyndingu. Sögu þessa má rekja allt aftur til ársins 1973, en þá voru fyrir séðar mjög miklar verðhækkningar á olíu, þegar olíukreppan fyrri var í aðsigi.

Vegna verðhækkunar á olíu var talið nauðsynlegt að setja lög til að draga úr áhrifum af hækkun oliuverðs á hitunarkostnað íbúðarhúsnæðis. Í þeim tilgangi voru sett lög nr. 5/1974 um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum oliuverðshækkana, þar sem fjár var aflað til niðurgreiðslu á olíu með því að leggja 1% gjald á söluskattsstofn. Þá voru sett lög nr. 47/1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðshækkana á hitunarkostnað íbúða. Þar var kveðið á um ráðstöfun á tekjum af 1% gjaldinu, sem lagt var á söluskattsstofninn. Síðan hefur niðurgreiðsla á olíu átt sér stað. Með lögum nr. 13/1977, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðshækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., var þeirri skipan komið á að verja til niðurgreiðslu olíu þeirri fjárhæð, sem ákveðin er á fjárlögum hverju sinni. Eru þetta gildandi lög í dag og nemur fjárhæðin til niðurgreiðslunnar í frumvarpi til fjárlaga ársins 1980 2.3 milljörðum kr.

Verð á gasolíu til húshitunar hefur fram til þessa dags hækkað úr kr. 5.30 hver lítri í kr. 155.25. Hækkunin nemur 2829.2%, þ. e. verðið hefur 29.3-faldast. Í upphafi var styrkurinn til niðurgreiðslu olíu ákveðinn 1800 kr. á ársfjórðungi fyrir hvern mann, sem notaði olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Síðan var þessi styrkur hækkaður í 2600 kr. og þá í 5000 kr. og nú nemur hann 18 000 kr. á íbúa. Olíustyrkurinn hefur því hækkað um 900% eða tífaldast á sama tíma og olíukostnaðurinn hefur hækkað um 2829.2% eða 29.3-faldast. Af þessu má þegar marka hver þróunin hefur orðið og hve alvarlegt ástandið er í dag fyrir þá, sem nota gasolíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Til frekari skýringar á áhrifum oliuverðshækkana má geta athugana, sem gerðar hafa verið hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga á upphitunarkostnaði á Ísafirði, þar sem olía er orkugjafinn, borið saman við sambærilegt orkumagn í heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt þessum athugunum var upphitunarkostnaður með olíu á Ísafirði, miðað við verðlag 1. júlí 1973 og olíunotkun 1973, 31 980 929 kr., en miðað við olíunotkun 1979 og verðlag 21. des. 1979 er árskostnaður við olíuhitun 614 541 488 kr., þegar olíustyrkur hefur verið dreginn frá, hefur rúmlega 19-faldast. Á sama tímabili varð hækkun á sambærilegu orkumagni í heitu vatni hjá Hitaveitu Reykjavíkur úr 14 278 863 í 83 160 294 kr., eða 5.8-faldaðist. Á tímabilinu 1. mars 1973 til 21. desember 1979 hækkaði gasolíuverð að frádregnum olíustyrk úr kr. 5.30 í kr. 114.02 hver lítri, eða 21.5-faldaðist. Á sama tíma hækkaði tímakaup verkamanna í fiskvinnu á Ísafirði úr kr. 135.70 í 1 391 kr., þ.e. 10.3-faldaðist.

Þá kemur fram í þessum athugunum, að verkamaður í fiskvinnu á Ísafirði þurfi að greiða 8 vikna dagvinnulaun fyrir gasolíu til upphitunar á fjölskylduíbúð (4,12 meðl.) miðað við kaupgjald og gasolíuverð 1. júlí 1973, 11.5 vikna dagvinnulaun miðað við kaupgjald og gasolíuverð að frádregnum olíustyrk 1. mars 1979 og 14.8 vikna dagvinnulaun miðað við kaupgjald og gasolíuverð að frádregnum olíustyrk 21. desember 1979. Tilsvarandi hlutfallstölur af árslaunum fyrir dagvinnu eru sem hér greinir: 1. júlí 1973 15.4%, 1. mars 1979 22.1% og 21. desember 1979 28.5%.

Í þessum athugunum kemur í ljós, að hefði oliunotandi með fyrrgreint kaup og vinnutíma átt þess kost að kaupa tilsvarandi orku í heitu vatni á verðlagi, sem gildi hjá Hitaveitu Reykjavíkur á tilgreindum viðmiðunartímum, hefðu 3.5 vikna dagvinnulaun nægt fyrir ársnotkun miðað við 1. júlí 1973, 2.5 vikna laun miðað við 1. mars 1979 og 2 vikna laun miðað við 21. desember 1979.

Samkvæmt framansögðu kostar upphitun á Ísafirði meira en tilsvarandi orka í heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur sem þessu nemur: Miðað við verðlag 1. júlí 1973 4.5 vinnuvikur eða 8.7% af árslaunum. Miðað við verðlag 1. mars 1979 9 vinnuvikur eða 17.3% af árslaunum. Og miðað við verðlag 21. desember 1979 12.8 vinnuvikur eða 24.6% af árslaunum verkamanns í fiskvinnu miðað við 40 klukkustunda vinnuviku. Er þá búið að draga frá olíustyrk eins og hann var á þeim tíma, sem um hann var að ræða.

Hér má og draga fram þann mismun, sem er á upphitunarkostnaði á Ísafirði, borið saman við ráðstöfunartekjur þeirra sem nota olíu til upphitunar. Þá sést, að miðað við verð á gasolíu 1. júlí 1973 hefur oliukostnaður numið 5.6% af ráðstöfunartekjum, en hefði verið 2.5%, ef tilsvarandi orka hefði fengist á verði sem gildi á sama tíma hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Miðað við gasolíuverð 1. mars 1979, að frádregnum olíustyrk, voru tilsvarandi hlutföll 10% og 2.1%, en miðað við gasolíuverð 21. desember 1979, að frádregnum olíustyrk, voru hlutföllin 18.2% og 2.5% af ráðstöfunartekjum.

Þessar athuganir Fjórðungssambands Vestfirðinga eru byggðar á rauntölum varðandi upphitunarkostnað á Ísafirði. En athuganir þessar hafa fullt gildi til upplýsinga um ástand þessara mála um allt land hjá þeim, sem búa við olíukyndingu íbúðarhúsnæðis, þar sem olíuverðið er alls staðar það sama.

Þessu frumvarpi er ætlað að bæta úr þessu ástandi með því að hækka niðurgreiðslu á olíu til húshitunar. Skal nú gerð nánari grein fyrir hvað felst í frumvarpinu í þessu efni.

Áætlaður kostnaður við hitun 450 rúmmetra einbýlishúss er nú 978 þús. kr. á ári, ef kynt er með olíu. Ef fjögurra manna fjölskylda býr í húsinu fengi hún 288 þús. kr. í olíustyrk á ári. Raunverulegur kyndingarkostnaður er því 690 þús. kr. á ári. Nemur þá niðurgreiðslan 29.5% af olíuverði.

Í frumvarpi þessu felst að niðurgreiðsla á verði olíu til húshitunar verður 59%. Þetta þýðir að í dæmi því, sem hér er tekið, nemur olíustyrkurinn á ári 576 þús. kr. í stað 288 þús. kr. eða styrkurinn tvöfaldast. Raunverulegur kyndingarkostnaður verður 402 þús. kr. í stað 690 þús. kr. og nemur lækkunin 50%.

Þessir útreikningar eru miðaðir við ástandið í dag. En samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verða sjálfvirkar breytingar á upphæð niðurgreiðslunnar, sem fylgja

breytingum á verði olíu og gjaldskrám hitaveitna, sem hafa jarðvarma að orku-gjafa. Þetta felst í viðmiðunarreglu þeirri, sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Hugsunin með þessari reglu er sú, að á hverjum tíma verði niðurgreiðslan við það miðuð, að olíukostnaður við kyndingu húsa verði sem næst því að vera eins og hjá nýjustu hitaveitum. Þetta kemur nú þannig út samkvæmt frumvarpinu, að olía til húshitunar, sem nú kostar 23.70 kr/kwh, er greidd niður í 9.68 kr/kwh, en kostnaður hjá nýjustu hitaveitunni, Hitaveitu Suðurnesja, er kr. 8.63 kr/kwh.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að kostnaður við niðurgreiðslu olíu til húshitunar verði greiddur úr rikissjóði. Kostnaður þessi er breytilegur eftir hreyfingum á verði olíu og gjaldskrám hitaveitna. Þegar lítið er til lengri tíma koma fram áhrifin af þeim orkuframkvæmdum, sem nú er unnið að og gera mögulegt að hita upp húsnæði með innlendum orkugjöfum í stað olíu. Hefur nú verið sett fram það markmið, að um 80% af því húsnæði, sem í árslok 1978 var hitað upp með olíu, verði á árinu 1983 hitað upp með innlendum orkugjöfum. Gangi þetta fram hraðminnkar á næstu árum það fjármagn, sem þarf til niðurgreiðslu olíu. Það ber því að líta á þau miklu fjárútlát, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, sem bráðabirgðaskipan. En til þess að svo verði má einskis láta ófreistað til að hraða þeim orkuframkvæmdum, sem leysa olíuna af hólmi til húshitunar svo og að leggja áherslu á orkusparandi aðgerðir.

En hvað sem þessu líður felur frumvarpið í sér mikinn kostnað á árinu 1980. Áætla má að niðurgreiðslan á þessu ári muni nema 7—8 milljörðum króna, sbr. fylgiskjal VI.

Langt er um liðið síðan talið var sjálfsagt að leggja fram almannafé til jöfnunar á hitunarkostnaði í landinu. Með lögum nr. 5/1974, sem áður getur, var ákveðið að verja fjármagni í þessu skyni sem svaraði til 1% af söluskattsstofni. Þetta er áætlað nú fyrir árið 1980 rúmir 5 milljarðar króna. Þá er þess að geta, að innflutningsgjald og önnur opinber skattheimta á olíu til húshitunar er áætluð nú um 800 millj. kr. á ári. Þessa má minnast í sambandi við kostnað sem fylgir frumvarpinu, þó að framlag rikissjóðs til niðurgreiðslu olíu til húshitunar réttlætist af eðli málsins.

Frumvarp þetta fjallar ekki um heildarskipan á verðjöfnun á þeim orkugjöfum, sem þjóðin notar. Það mál er í biðstöðu nú og tekur tíma að leysa. En hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á verðjöfnun hljóta allir sanngjarnir menn að sjá, að við svo búið má ekki standa sem nú er hjá þeim hluta þjóðarinnar, sem notar olíu til upphitunar húsa. Þær búsigjar, sem verðhækkun olíu veldur þessu fólki, eru svo miklar, að jafna má við áföll vegna náttúruhamfara eða aðra óáran, sem sjálfsagt þykir að hið opinbera bæti úr þegar í stað. Aðgerðaleyfi í þessum efnum er í hróplegri mótsögn við anda þeirrar samhjálpur og skilnings, sem þjóðin er vön að sýna þeim, sem í nauðum eru staddir.

Í þessu ljósi ber að líta á það frumvarp, sem hér er lagt fram.

En hér er ekki einungis um sanngirnismál að ræða, heldur hagsmunamál þjóðarheildarinnar. Ef ekkert er aðhafst og ekki er skjótt við brugðið, vofir yfir brottflutningur fólks frá oliuhitunarsvæðunum og stórfelld byggðaröskun í landinu öllum til ómælanlegs tjóns.

Meginatriði þessa frumvarps er, að komið sé til bjargar með því að gera mögulegt, að kostnaður við oliukyndingu húsnæðis verði á hverjum tíma sem næst því, sem upphitunarkostnaður er hjá nýjustu hitaveitunum, sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Kostnaður oliukyndingar er ákveðinn eftir viðmiðunarreglu, sem felur í sér sjálfvirkar breytingar á olíuniðurgreiðslunni eftir breytingum á verði olíu og gjaldskrám hitaveitna. Þetta þýðir nú, að kostnaður þeirra, sem húa við oliukyndingu, lækki sem næst um helming frá því sem nú er, miðað við óbreytt verð á olíu og óbreyttar gjaldskrár hitaveitna.

Með frumvarpinu eru eftirfarandi fylgiskjöl:

1. Breytingar á orkuverði.
2. Útgjöld vegna olíukaupa til húshitunar á Ísafirði borið saman við kaup á tilsvarende orku frá Hitaveitu Reykjavíkur.
3. Upphitunarkostnaður oliunotenda á Ísafirði borinn saman við ráðstöfunartekjur þeirra.
4. Gjaldskrá hitaveitna 1979.
5. Útreikningur á vagnu meðaltali orkuverðs 17 hitaveitna.
6. Útreikningur á áætluðum niðurgreiðslum á olíu.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er það nýmæli, að greiða skal í Orkusjóð það fjármagn, sem varið er úr ríkissjóði til að greiða niður verð á olíu til upphitunar húsa.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er sett sú regla, að fjárhæð niðurgreiðslna á olíu er miðuð við verð á upphitunarkostnaði hjá þeim, sem búa við hitaveitur, sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Þetta verð er fundið með því að reikna út svokallað vegið meðaltal þannig, að orkuverð hvernar hitaveitu í kr/kwh er margfaldað með tölu íbúa á hverju hitaveitusvæði. Margföldunartölurnar fyrir allar hitaveiturnar eru lagðar saman og loks deilt í summu þeirra með samanlögðum íbúafjölda allra hitaveitusvæðanna. Er þá komið hið vegna meðaltal, sem síðan er margfaldað með 2.5. Miðað við núverandi gjaldskrár hitaveitna í landinu kemur þá út orkuverðið 9.68 kr/kwh. Þetta þýðir að olía til húshitunar, sem nú kostar kr. 23.70 kr/kwh, er greidd niður í 9.68 kr/kwh eða um rúm 59%.

Í 1. tl. 2. mgr. er um breytingu að ræða frá gildandi lögum. Þar er svo mælt fyrir, að styrkir skuli greiddast hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans. Hér er gert ráð fyrir, að styrkur vegna hvernar íbúðar sé greiddur einum aðila, þ. e. húsráðanda. Húsráðandi íbúðar er eigandi íbúðar eða leigjandi íbúðar. Einstaklingur, sem leigir herbergi í húsnæði hjá öðrum, telst í þessu sambandi einn í fjölskyldunni og oliustyrkur vegna hans greiðist húsráðanda.

Hér er önnur eigi veigaminni breyting frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir, að upphæð styrks fari bæði eftir fjölskyldustærð og stærð íbúðar. Í gildandi lögum er ekki tekið tillit til íbúðarstærðar. Þá er ekki tekið tillit til raunverulegrar orkunotkunar. Þetta getur verið sérstaklega óréttlátt gagnvart fólki, sem býr eitt sér í íbúð. og á það oft við gamalt fólk.

Það er nýmæli í 2. tl. 2. mgr., að styrki skal greiða til þeirra, sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis. Þykir þetta eðlileg ráðstöfun til þess að jafna þann aðstöðumun, sem nú er hjá atvinnurekstrinum í landinu eftir því hvert orkuverðið til húshitunar er. Þessi niðurgreiðsla færir fram með beinum framlögum til hvers fyrirtækis eða atvinnurekanda fyrir sig.

Í 3. tl. 2. mgr. er að finna ákvæði um niðurgreiðslu olíu til ýmissa stofnana á vettvangi menningar-, heilbrigðis- og félagsmála. Í nýgildandi lögum er aðeins gert ráð fyrir að heimavistarskólar á grunnskólastigi njóti oliustyrks. Hér er því um að ræða viðtækari niðurgreiðslu en nú er.

Í 4. tl. 2. mgr. er lagt til, að styrkir verði greiddir þeim, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu. Þetta kemur í þarfir bænda, sem enn njóta ekki sveitarafvæðingarinnar. Ákvæði þetta er óbreytt frá gildandi lögum.

Við setningu reglugerðarákvæða samkvæmt 3. mgr. er minnt á hugmyndir um leiðir til að ákveða upphæð oliustyrkja, sem settar eru fram í nefndaráli um jöfnun á hitunarkostnaði frá október 1979, sem samið var af nefnd, sem fyrrverandi iðnaðarráðherra skipaði til að gera tillögur um leiðir til jöfnunar á upphitunarkostnaði.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að greiða orkuveitum styrki, sem koma til góða orku-notendum í lægri gjaldskrá.

Það er nýmæli, að olía sé greidd niður til hitaveitna, sem nota þann orkugjafa. Að því marki sem olía er notuð tekur þessi niðurgreiðsla einnig til hitaveitna, sem bæði nota jarðvarma og olíu.

Hins vegar er það ekki nýmæli, að greidd sé niður olía til framleiðslu rafmagns, eins og hér er gert ráð fyrir, því að svo er mælt fyrir í gildandi lögum. Styrki skal greiða rafveitum að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar húsnæðis.

Um 4. gr.

Ekki þykir rétt að breyta þeirri skipan sem verið hefur, að oliustyrkjum sé úthlutað fyrir milligöngu sveitarfélaga. Hins vegar er ekki ástæða til að sú skipan gildi um orkuveitur. Því er gert ráð fyrir að styrkir til hitaveitna og rafveitna greiðist milliliðalaust.

Gert er ráð fyrir, að styrkitnir séu greiddir ársfjórðungslega eins og verið hefur.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Miklu varðar, að sá kostur sé valinn við upphitun húsnæðis sem hagkvæmasti er þjóðhagslega. Því er í þessari grein svo fyrir mælt, að enginn eigi rétt á oliustyrk, sem hefur möguleika á upphitun frá hitaveitu. Gildir þetta hvort sem hitaveitan hefur jarðvarma eða annan orkugjafa.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að með mál þau, sem lög þessi fjalla um, fari iðnaðarráðherra. Þetta er breyting frá því sem verið hefur, því viðskiptaráðuneytið hefur með þessi mál að gera samkvæmt gildandi lögum. Þykir þetta eðlileg breyting, þar sem hér er um að ræða orkumál og þau mál heyra undir iðnaðarráðherra.

Í grein þessari er iðnaðarráðherra falið að semja reglugerð um framkvæmd laganna. Sérstök áhersla er lögð á, að öll framkvæmd þessara mála verði sem einföldust og þess sé gætt að koma í veg fyrir misnotkun á niðurgreiðslunni.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein er svo mælt fyrir, að ákvæði þessara laga gildi frá 1. janúar 1980.

Fylgiskjal I.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA.

Breytingar á orkuverði.

Gasolía til húshitunar:

Júlí 1973	kr.	5.30	pr. lítri		
Janúar 1974	—	7.70	— —		
Mars 1974	—	11.50	— —		
Apríl 1974	—	13.70	— —		
September 1974	—	14.30	— —		
Janúar 1975	—	14.30	— —	kr.	16.70 pr. lítri
Febrúar 1975	—	16.70	— —	—	20.30 — —
Nóvember 1975	—	24.20	— —		
Janúar 1976	—	24.20	— —	—	25.35 — —
September 1976	—	27.05	— —		
Desember 1976	—	27.05	— —	—	28.05 — —
Mars 1977	—	30.05	— —		
Október 1977	—	33.25	— —		
Janúar 1978	—	34.55	— —		
Mars 1978	—	39.20	— —		
Ágúst 1978	—	45.05	— —		
Október 1978	—	49.05	— —		
Desember 1978	—	49.75	— —	—	57.55 — —
Mars 1979	—	68.90	— —		
Mái 1979	—	68.90	— —	—	103.05 — —
Ágúst 1979	—	137.05	— —		
Október 1979	—	137.05	— —	—	142.05 — —
Desember 1979	—	155.25	— —		

Heitt vatn frá Hitaveitu Reykjavíkur:¹⁾

Nóvember 1970	kr.	16.10	pr. m ³		
Nóvember 1971	—	14.50	— —		
Mái 1972	—	15.22	— —		
Mái 1973	—	18.26	— —		
Ágúst 1973	—	17.90	— —		
Febrúar 1974	—	20.15	— —		
Mái 1974	—	22.76	— —		
Nóvember 1974	—	32.00	— —		
Mái 1975	—	39.36	— —		
Mái 1976	—	50.00	— —		
Febrúar 1977	—	55.00	— —		
Nóvember 1977	—	63.25	— —		
Febrúar 1978	—	75.00	— —		
Nóvember 1978	—	90.00	— —		
Febrúar 1979	—	103.50	— —		
Mái 1979	—	119.00	— —		

1) Heimild: Hagtíðindi.

Fylgiskjal II.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA.

Útgjöld vegna olfukaupa til húshitunar á Ísafirði borið saman við kaup á tilsvarandi orku frá Hitaveitu Reykjavíkur.

	pr. m ³ á	Heildarkostnaður krónur	Ölunotendur	pr. notandi á ári	pr. fjölsk. fjölsk. á ári 4.12 meðl. krónur	Tínakaup í fiskv. krónur	Vinnust. að vinnu f. ársnotkun	Vinnuvikur að vinnu f. ársnotkun
Verðlag 1/7 1973:								
6 034 136 ltr. gasolia	5/30	31 980 920	3 051	10 482	43 186	135/70	318.3	8.0
÷ olústyrkur (enginn)	0	0						
Jafngildi í heitu vatni: 781 975 m ³	18/25	14 278 863	3 051	4 680	19 282	135/70	142.1	3.5
Mismunur		17 702 057	3 051	5 802	23 904	135/70	176.2	4.5
Verðlag 1/3 1979:								
5 332 975 ltr. gasolia	68/90	367 441 978	3 054	120 315	495 698	981/—	505.3	12.6
÷ olústyrkur	5/96	31 761 600	3 054	10 400	42 858	981/—	43.7	1.1
Nettóútgjöld notenda ..	62/94	335 680 378	3 054	109 915	452 850	981/—	461.6	11.5
Jafngildi í heitu vatni: 691 110 m ³	103/50	71 529 885	3 054	23 422	96 499	981/—	98.4	2.5
Mismunur		264 150 493	3 054	86 493	356 351	981/—	363.2	9.0
Verðlag 21/12 1979:								
5 392 512 ltr. gasolia	155/25	837 187 488	3 088	271 110	1116 973	1391/—	803.0	20.1
÷ olústyrkur	41/23	222 336 000	3 088	72 000	296 640	1391/—	213.3	5.3
Jafngildi í heitu vatni: 698 826 m ³	114/02	614 851 488	3 088	199 110	820 333	1391/—	589.7	14.8
Mismunur	119/—	83 160 294	3 088	26 930	110 952	1391/—	79.8	2.0
Mismunur		531 691 194	3 088	172 180	709 382	1391/—	509.9	12.8

Fylgiskjal III.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA.

Upphitunarkostnaður oliunotenda á Ísafirði borinn saman
við ráðstöfunartekjur þeirra.

Miðað við verðlag á gasolíu 1/7 1973:

1. Skattskyldar tekjur skv. framtali 1974	kr.	758 211 019	
2. ÷ Skattur og útsvar 1974	—	179 855 936	
<hr/>			
3. Ráðstöfunartekjur	—	578 355 083	
4. Ráðstöfunartekjur oliunotenda 98% þar af	—	566 787 981	
5. Upphitunarkostnaður og hlutfall hans þar af	—	31 980 929	5.6%
6. Upphitunarkostnaður að frádregnum oliustyrk og hlutfall hans af lið 4	—	31 980 929	5.6%
7. Oliustyrkur og hlutfall hans af lið 4	—	— 0 —	— 0 —
8. Tilsvarandi orka í heitu vatni frá Hitaveitu Reykja- víkur og hlutfall hennar af lið 4	—	14 278 863	2.5%

Miðað við verðlag á gasolíu 1/3 1979:

1. Skattskyldar tekjur skv. framtali 1979	kr.	4 952 534 334	
2. ÷ Skattur og útsvar 1979	—	1 402 764 665	
<hr/>			
3. Ráðstöfunartekjur	—	3 549 769 669	
4. Ráðstöfunartekjur oliunotenda 95% þar af	—	3 372 281 186	
5. Upphitunarkostnaður og hlutfall hans þar af	—	367 680 378	10.9%
6. Upphitunarkostnaður að frádregnum oliustyrk, og hlutfall hans af lið 4	—	335 680 378	10.0%
7. Oliustyrkur og hlutfall hans af lið 4	—	31 761 600	0.9%
8. Tilsvarandi orka í heitu vatni frá Hitaveitu Reykja- víkur og hlutfall hennar af lið 4	—	71 539 885	2.1%

Miðað við verðlag á gasolíu 21/12 1979:

1. Skattskyldar tekjur skv. framtali 1979	kr.	4 952 534 334	
2. ÷ Skattur og útsvar 1979	—	1 402 764 665	
<hr/>			
3. Ráðstöfunartekjur	—	3 549 769 669	
4. Ráðstöfunartekjur oliunotenda 95% þar af	—	3 372 281 186	
5. Upphitunarkostnaður og hlutfall hans þar af	—	837 187 488	24.8%
6. Upphitunarkostnaður að frádregnum oliustyrk, og hlutfall hans af lið 4	—	614 851 488	18.2%
7. Oliustyrkur og hlutfall hans af lið 4	—	222 336 000	6.6%
8. Tilsvarandi orka í heitu vatni frá Hitaveitu Reykja- víkur og hlutfall hennar af lið 4	—	83 160 294	2.5%

Fylgiskjal IV.

Orkustofnun
1980-01-14

Gjaldskrá hitaveitna 1979.

Hitaveitur	Tala íbúa 78-12-01	Hitastig C°	Gjaldskrá				Meðalverð kr./kWh
			Dags.	kr./m ³	kr./min. 1/ár	kr./hemil ár	
Reykjavík	111 145	80	79-05-08	119	31 280	12 384	3.08
Seltjarnarnes	2 926	80—85	79-07-31	—	35 004	8 424	3.13
Mosfellshreppur ..	2 450	80	79-05-22	—	24 060	9 420	2.37
Suðurnes	8 000*	80	79-07-31	—	92 400	15 600	8.63
Selfoss	3 030	78	79-07-31	155	42 730	19 800	4.50
Hveragerði	1 180	80*	79-07-31	—	29 940	—	2.68
Laugarás	90	96	79-04-26	—	25 200	18 000	2.00
Flúðir	94	96	77-03-14	—	12 048	21 684	1.26
Vestmannaeyjar ..	1 000*		79-07-31	330	—	26 400	9.00
Reykhólar	78		76 —				
Suðureyri	526	59—60	79-07-31	—	98 664	12 300	17.98
Hvammstangi	510	78*	79-07-31	—	48 000	24 000	5.09
Blönduós	885	60	79-04-26	275	66 000	55 200	13.43
Sauðárkrókur	2 079	66—68	79-07-31	—	28 704	—	3.82
Síglufjörður	1 470	60—66 (80)*	79-07-31	—	150 816	—	13.51
Ólafsfjörður	1 150	57	79-04-26	—	25 200	15 600	5.76
Dalvík	1 234	60	79-07-31	—	35 880	18 720	6.96
Hrísey	295	56	78-01-01	—	19 200	14 400	4.54
Akureyri	5 200	82—90	79-07-31	369	88 668	—	6.90
Húsavík	2 377	80	79-07-31	—	34 440	15 048	3.42
Reykjahlíð	250		79-07-31	156 m ³ hús	—	37 140/hús	1.00
Einkahitaveitur ..	1 500*		—	—	—	—	—
Alls	147 469	—	—	—	—	—	—
Hitaveitur í undir- búningi eða áætl- aðar	28 968		—	—	—	—	—
Samtals	176 437	—	—	—	—	—	—

Fylgiskjal V.

Útreikningur á vegnu meðaltali orkuverðs 17 hitaveitna.

	kr./kWh.	Íbúafjöldi	Margfeldi
Reykjavík	3.08 ×	111 145	342 327
Seltjarnarnes	3.13 ×	2 926	9 158
Mosfellssveit	2.37 ×	2 450	5 807
Suðurn.	8.63 ×	8 000	69 040
Selfoss	4.50 ×	3 030	13 635
Flúðir	1.26 ×	94	118
Hveragerði	2.68 ×	1 180	3 162
Langarvatn	2.00 ×	90	180
Vestmannaeyjar	9.00 ×	1 000	9 000
Suðureyri	17.98 ×	526	9 457
Hvammstangi	5.09 ×	510	2 596
Blönduós	13.43 ×	885	11 886
Sauðárkrókur	3.82 ×	2 079	7 942
Siglufjörður	13.51 ×	1 470	19 860
Ólafsfjörður	5.76 ×	1 150	6 624
Dalvík	6.96 ×	1 234	8 589
Hrísey	4.54 ×	295	1 339
Akureyri	6.90 ×	5 200	35 880
Reykjahlíð	1.00 ×	250	250
Húsavík	3.42 ×	2 377	8 129
		145 891	564 979

$$\text{Vegið meðaltal} = \frac{564\,979}{145\,891} = 3.87 \text{ kr./kWh}$$

Olíuverðmiðun er 23.70 kr./kWh

18/1 1980

Edgar Guðmundsson,
verkfræðingur.

Fylgiskjal VI.

Útreikningur á áætluðum niðurgreiðslum á olíu.

Samkvæmt skýrslum frá Framkvæmdastofnun ríkisins¹⁾ er hitað húsrými á landinu öllu sem hér segir:

TAFLA 1.

Húsgæð	Fjöldi húsa	Rúmmál samtals m ³	Meðalstærð m ³	Áætl. olíu- notk. á m ³ lítrar	Heildarolíu- notkun millj. lítrar
Íbúðarhús	36 519	21 172 027	580	14	296
Verslunarhús	1 115	1 659 178	1 488	10	17
Skrifstofuhús	385	940 097	2 442	9	8
Hitað iðnaðarhúsnæði	2 774	5 642 685	2 035	9	51
Sérhæfðar byggingar, skólar og stofnanir	2 773	4 176 504	1 507	10	42
Byggingar hitaðar að hluta	2 121	3 435 231	1 620	5	17
Samtals	45 687	37 025 772	810	11.6	431

¹⁾ Hitað húsrými 1976, úttekt á vegum iðnaðarráðuneytis, Framkvæmdastofnun ríkisins n.év. '76.

Ef gert er ráð fyrir byggðaaukningu um 2% á ári, þá má gera ráð fyrir að upp-hitað húsnæði á landinu í dag sé um 40 milljónir rúmmetra, sem skiptist í grófum dráttum sem hér segir:

TAFLA 2.

Tegund húsnæðis	Stærð millj. m ³	Olíunotkun á m ³	Heildarolíunotk. millj. lítrar	%
Íbúðarhúsnæði	23	14	320	69%
Annað húsnæði	17	8.5	145	31%
Samtals	40	11.6	465	100%

Ef gert er ráð fyrir að um 20% af þessu húsnæði verði hitað með olíu árið 1980, má gera ráð fyrir eftirfarandi heildarkostnaði vegna hitunar húsnæðis með olíu:

Íbúðarhúsnæði:

$$9.20 \times 320 \times 10^6 \times 155.25 = 9.9 \text{ milljarðar}$$

Annað húsnæði:

$$0.20 \times 145 \times 10^6 \times 155.25 = 4.5 \text{ milljarðar}$$

Samtals 14.4 milljarðar

Ef frumvarpið nær fram að ganga, nema niðurgreiðslur miðaðar við óbreytt olíuverð og óbreyttar gjaldskrár:

$$0.59 \times 14.4 = 8.35 \text{ milljörðum.}$$

Nú liggja fyrir beiðnir hjá yfirvöldum um hækkun á gjaldskrá hitaveitna, þar á meðal frá Hitaveitu Reykjavíkur um 37% hækkun. Nú hefur H. R. ekki fengið umbeðnar hækkunir frá því í maí 1979 og má því gera ráð fyrir verulegri hækkun þegar þar að kemur. Gjaldskrárhækkun hjá H. R. vegur afar þungt í hinu vegna meðalverði. Ekki skal hér metið hve mikil gjaldskrárhækkun H. R. eða annarra hitaveitna verður, en þess í stað sýnt hvaða áhrif hækkunir frá 10–40% á „vegna meðalverði“ hafa, sjá töflu 3.

TAFLA 3.
Áhrif gjaldskrárhækkana á upphæð niðurgreiðslna.

Gjaldskrár- hækkunir	Viðmiðunarverð Vegð meðal- verð kr/kwh	Verð eftir niðurgreiðslur kr/kwh	Niðurgreiðsla kr/kwh	Niðurgreiðsla %	Niðurgreiðslur Heildarupphæð milljarðar
Óbreyttar gjaldskrár	3.87	9.68	14.02	59.0	8.35
10%	4.26	10.65	13.05	55.1	7.80
20%	4.64	11.60	12.10	51.0	7.21
30%	5.03	12.58	11.12	46.9	6.63
40%	5.42	13.55	10.15	42.8	6.06

Eins og fyrr greinir, hafa breytingar á oliuverði bein áhrif á upphæð niðurgreiðslna. Í töflu 4 eru sýnd nokkur dæmi um áhrif af breytingu oliuverðs til hækkunar eða lækkunar.

TAFLA 4.

Oliuverð í kr. á lítra	Oliuverð í kr/kwh	Niðurgreiðslur krónur á lítra	Niðurgreiðslur krónur á kwh	%	Heildarupphæð niðurgreiðslna milljarðar
200	30.53	~136	20.85	~68	12.34
155.25	23.70	~92	14.02	~59	8.35
100	15.27	~37	5.59	~37	3.36
75	11.45	~11	1.77	~15	1.00
63.41	9.68	~0	0	~0	0

Ef tekið verður tillit til væntanlegra hækkana á gjaldskrá hitaveitna, virðist mega gera ráð fyrir um 7 milljarða niðurgreiðslum á árinu 1980.

Með hagstæðum innkaupum á oliu, sem nú eru í farvatninu, má vænta þess, að niðurgreiðslur verði enn lægri.

Janúar 1980.

Edgar Guðmundsson verkfræðingur.